

GUNNSTEINN GÍSLASON

VEGGMYNDIR • MÚRRISTA



NÁMSFERILL OG STÖRF

Gunnsteinn Gislason, fæddur 13. september 1946, stundaði nám við Myndlista- og Handiðaskóla Íslands 1963–1967 í kennaradeild og frjálsri myndlist. Innritaðist í Edinburgh College of Art 1967 og lagði stund á veggmyndagerð og glerhönnun. Kennarar hans voru John W. C. Lawrie og Helen N. Turner. 1968 var Gunnsteini boðið (einum nemanda skólans) að taka þátt í samsýningu skoskra höggmyndalistamanna í Bandaríkjunum. Vorið 1969 lauk hann D.A. (Edin.) prófi og hélt sýningu við skólann og var prófverkefnið kirkjuskreyting, unnin í sgraffito.

Setti upp vinnustofu í Reykjavík 1969 og hóf einnig kennslu við Vogaskóla það haust. Veturinn 1971 kenndi Gunnsteinn námsónni í veggskreytingu við Myndlista- og Handiðaskólann.

Haustið 1972 hóf Gunnsteinn nám í kennslugreinum myndmennta við Konstfackskolan T1 í Stokkhólm og lauk þaðan prófi 1975. Þá um haustið var hann ráðinn kennari og deildarstjóri við myndlistadeild Fjölbrautaskólans í Breiðholti og stundakennari í kennslufræðum við Myndlista- og Handiðaskólann.

Sýningar: Ungir myndlistarmenn 1967

Samsýning skoskra höggmyndarlistamanna í Bandaríkjunum 1968.

Nordisk Brukkunst 1968

Samsýning íslenskra höggmyndarlistarmanna á Skólavörðuholtinu 1968.

Samsýningar Félags íslenskra myndlistarmanna 1968 og 1972.

Einkasýning að Kjarvalsstöðum 1982.

Námsferðir: Bretland, Svíþjóð, Noregur, Danmörk og Finnland.

Forsíða:
Vorflugl 50 X 120 cm

STUDY AND WORK

Gunnsteinn Gíslason was born in Reykjavík 13th of September 1946. He studied at the Icelandic College of Arts and Crafts from 1963-'67 in the Department of Education and Art. He commenced studying at the Edinburgh College of Art in 1967, taking mural design as the main subject and glass design as the second. His teachers were John C. W. Lawrie and Helen N. Turner. In 1968 Gunnsteinn was the only student of the College to be invited to participate in a group exhibition of Scottish sculptors in U.S.A.

In 1969 he finished the D.A. (EDIN.) degree and held an exhibition at the College. His final project was a church decoration, made in sgraffito. He opened his own workshop in Reykjavík in 1969 and started teaching at Vogaskóli that autumn. In 1971 he conducted a course in mural design at the Icelandic College of Art.

In 1972 Gunnsteinn started studying art education at Konstfackskolan in Stockholm and graduated in 1975. That autumn he became teacher and head of the Department of Art at Breiðholt Community college (Fjölbautaskólinn í Breiðholti Reykjavík) and part time teacher at the Department of Art Education at the Icelandic College of Art and Crafts.

Exhibitions: Young artists, reykjavik 1967.


Group exhibition of Scottish sculptors in U.S.A. 1968


Nordic Crafts exhibition at the Nordic House Reykjavik.

Group exhibitions of Icelandic sculptors at Skólavörðuholt Reykjavík 1968.

Group exhibitions of the Icelandic Association of Artist 1968 and 1972.

One man exhibition at Kjarvalsstaðir 1982.





Pó orðin „sgraffito“ og „graffito“, sem í fleirtölu er „graffiti“ hafi verið notað frá endurreisnartímabilinu sem nafngift fyrir þessa ákveðnu tegund veggskreytingar, er vitað, að maðurinn hefur notað þessa aðferð frá forneskju. Maðurinn hefur haft í sér þann sið og ómótstæðilegu þörf að staðfesta tilveru sína, ást, hatur og lotningu fyrir guðunum, á öllu sem hægt var að rista í.


Í hellum, bæði í Suður-Evrópu og Afríku, voru form dýra og athafnir manna, rist í veggina og síðan máluð. Í Egyptalandi var þessari aðferð oft beitt í blandaðri tækni stórra múrskreytinga. Leirmunir voru og eru oft skreyttir með þessari aðferð. Víkingar hjuggu rúnir í harða steina, Afrikumaðurinn risti bæði andlit sitt og líkama til skrauts og til að votta ákveðið þroskastig.

Orðið „graffiti“ hefur verið notað í seinni tíð til að lýsa þeim athöfnum manna, að rista upplýsingar um sjálfa sig og aðra í náttúruna og víðar, þ. e. a. s. í mosa-vaxnar hliðar, á sléttan sand, í trjábörk, og í skjóli nafnleysis og í felum, tjáð ýmsar kynferðislegar lýsingar á vegg almenningssalema. Annað dæmi um notkun „graffiti“ er hin pólitíska, þar sem aðferðin er, með aðstoð úðarabrusa, í mörgum tilfellum eina vopn fólksins í þjóðfélögum, þar sem maðurinn er orðinn atkvæðalaus.

„Sgraffito“ er mjög heppileg aðferð við stórar veggskreytingar, sérstaklega utandyra og í innigörðum (Atrium). Með tilkomu nýrra efna, í múrverk seinni tíma, eru möguleikar þessarar tækni enn að opnast. Frá 13. aldar „sgraffito“ í Madenburg, til veggskreytingar Picassos á arkitektaskólanum í Barcelona, þar sem hann sandblæs múrinn í mismunandi dýptir til að ná fram lit og áferð, hafa verið stöðugar framfarir.

Það er ánægjulegt að sjá þessari tækni sýndan áhuga hér á landi, og er það vonandi að með sýningu Gunnsteins Gíslasonar ryðji sér til rúms nýr þáttur í veggskreytingum á Íslandi.

BALTASAR




MÚRRISTA (SGRAFFITO)

Nafnið sgraffito er komið af ítalska orðinu sgraf-fiare sem þýðir rista. Fyrir á tímum var þessi vegg-myndatækni notuð samhliða af fresco myndum sem hluti af byggingalistinni. Munurinn á fresco og sgraffito myndum felst í því að í stað þess að mála múrinn er skafið í blauta steypuna til að fá myndina fram.

Uppistaðan í múrristu er finmulinn hvítur marmari, kalk og steinlitir. Veggurinn sem skreyta á er lagður virmeti og rappaður. Að því loknu eru lituð múrlög dregin hvert yfir annað eftir því hve margir litir eiga að vera í myndinni. Síðasta lagið er yfirleitt hvítt.

Að þessu loknu er vinnuteikning fest á múrinn og framkölluð í blauta steypuna. Myndin er síðan skorin til með beittum hnif og litir og form skafin fram. Þegar allur raki er horfinn úr steypunni má verja hana með blöndu af hreinu byvaxi og parafínvaxi sem brætt er inn í múrinn.



I. Virbinding. II. Gróft rapp, III. Lituð múrlög (síðasta ljóst).



DÆMI UM VEGGMÝND UNNA Í MÚRRISTU OG MARMARA.
MARMARI: CALLACATA ORO FRÁ STEINIÐJU SIGURÐAR HELGASONAR.